

Forvarnarstefna Borgarbyggðar 2022

Í málefnum barna til 18 ára aldurs

Forvarnarstefna Borgarbyggðar leggur áherslu á fjölskylduna, skólann, skipulagt félagsstarf og heilsueflandi og barnvænt sveitarfélag. Forvarnarstefnan leggur einnig áherslu á jöfn tækifæri barna, vellíðan, sterka sjálfsmynd og heilbrigðan lífsstíl.

Markmið með forvarnarstefnu

Lykilaðilar í forvörnum í Borgarbyggð, svo sem stofnanir og félagasamtök sem eiga samstarfssamning við sveitarfélagið, skulu skilgreina hlutverk sitt á þessu sviði og setja sér stefnu í forvörnum sem er í samræmi við forvarnarstefnu Borgarbyggðar. Þar þarf að koma fram meðal annars hvernig framkvæmd áætlunarinnar sé háttað og þá þurfa meginmarkmið Borgarbyggðar einnig að nást.

Þau eru:

- * Að auka markvisst forvarnarstarf og samstarf þeirra aðila sem hafa með málefni barna að gera.
- * Styðja við starfsemi sem sinnir barna-, ungmenna- og fjölskyldustarfi á einn eða annan hátt.
- * Að forvarnir verði skipulagður þáttur í starfi félaga og stofnanna sem koma að málefnum barna og unglinga í sveitarfélaginu.
- * Auka öryggi og stuðla að jákvæðu, heilbrigðu og uppbyggjandi samfélagi.
- * Vinna að aukinni fræðslu og forvörnum gegn neyslu á skaðlegum efnum.

Markmið/ leiðarljós

- * Vinna að því að styrkja og efla samskipti, sjálfsmynd barna og sjálfstæði
- * Að efla og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu, til dæmis með námskeiðum, fundum og fræðsluefni sem og samráði og samvinnu þeirra á milli þar sem foreldrar eru lykilaðilar í forvörnum.
- * Að efla uppeldis- og forvarnarhlutverk íþróttafélaga og annarra félaga sem starfa með börnum og unglingum.
- * Að þátttaka, ábyrgð og virkni séu lykilorð í starfi félagsmiðstöðva ungs fólks. Þar skal unnið að viðfangsefnum sem styrkja sjálfsmynd og sjálfsvirðingu. Félagsmiðstöðvar skulu sérstaklega reyna að ná til þeirra sem ekki stunda annað skipulagt tómstundastarf og þeirra sem tilheyra jaðarhópum.

- * Að stuðla að fræðslu um forvarnir, kynheilbrigði og lýðheilsu sem víðast í sveitarfélaginu, svo sem í skólum og á vinnustöðum.
- * Að foreldrafélög geti tekið markvissan þátt í vinnu að forvörnum, meðal annars með fræðslufundum og samstarfsfundum.
- * Að unnið verði náið að forvarnarstarfi með lögreglu.
- * Að haft verði samráð við börn og ungmenni í sveitarfélaginu sem nýtast til stefnumótunnar og til að meta hvernig hefur tiltekist í forvarnarstarfinu.

Framkvæmd

Starfsmaður fjölskyldusviðs sem fer með forvarnarmálin í sveitarfélaginu, mun hafa yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd forvarnarstefnunnar. Haldnir verða reglubundnir samstarfsfundir þar sem þeir, sem vinna að, barnvænu sveitarfélagi, forvörnum-, lýðheilsu-, og uppeldismálum miðla upplýsingum og undirbúa samstarfsverkefni.

Félög sem sinna íþrótt-, menningar- og æskulýðsmálum og njóta styrkja frá sveitarfélaginu geri forvarnaráætlanir og sinni forvörnum með markvissum hætti.

Allar samkomur og skemmtanir sem börn hafa aðgang að skulu vera vímuefnalausar. Þær eiga að vera á forsendum barna og í forsjá aðila sem hafa þekkingu og reynslu af starfi með börnum í húsnæði við hæfi.

- * Markvisst verður boðið upp á kynfræðslu í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins.
- * Forvarnarverkefni – ár hvert vinna börn á unglingastigi grunnskólanna með þema og útbúa slagorð sem m.a. má prenta á boli.
- * Að forvarnarhópur fundi með ungmennaráði a.m.k einu sinni á ári.
- * Styðja við virkni og ábyrgð barna, meðal annars með því að styðja við forvarnarverkefni í starfi foreldra, barna og ungmenna í sveitarfélaginu.
- * Vera með fræðslu fyrir börn og foreldra í samstarfi við lykilaðila í forvörnum. Fræðsluáætlun unnin að hausti.
- * Vekja athygli á útivistartíma barna.

Lykilaðilar í forvörnum

Sveitarfélagið, leik- og grunnskólar sveitarfélagsins, Menntaskóli Borgarfjarðar, félagsmiðstöðvar, foreldrafélög, félagsþjónusta, heilsugæsla, íþróttafélög, lögreglan, slökkviliðið, ungmennaráð, félagasamtök, ungmennasambandið og nemendafélög.

